

Yfirlitsmynd yfir sýninguna.

SEPTEM

Það verður ekki um villst að komið er fram í september, á einni hélunótt hrundu laufblöðin í stórum stíl af greinum trjánna í garði mínum og þó höfðu þau ennþá ekki tekið á sig hina fjölskrúðugu, töfrandi haustliti. Yndislegu sumri er lokið og þó þrjóskast það við að víkja með öllu því að frábærilega fallegir dagar auðga tilveruna, sem annars er hálfgerð hrollvekja opni maður á annað borð dagblöðin og lesi innlendar sem erlendar fréttir.

A þessum tíma almanaksins, er sinfónía árstíðanna breytir um hljóma í litatónum, kliði náttúrunnar og stórsjóar taka að rísa á slóðum sæfarenda er flytja björg í bú og mjögþurfandi ríkisjötu, — þá opna stórsýningar haustsins dyr sínar ein af annarri og ný tegund litadýrðar blasir við gestum og gangandi er þar knýr á dyr.

Sýningar Septem-hópsins eru orðnar árviss viðburður í listalífi höfuðborgarinnar, þeir sýna nú í sjötta sinn, sem verður að teljast gott úthald, eitthvað í líkingu við ástir samlyndra hjóna, sem þó eru í raun mjög ósamlynd og þrætugjörn. Þannig mun íslenzkum listamönnum einna best lýst og varlega skyldu menn trúa framslætti þeirra, kerknislegum og tvíræðum, — mikill sannleikur felst í því er Jóhannes Jóhannesson sagði sex skoðanir í ákveðnu máli á blaðamannafundi en listamennirnir voru einmitt sex er viðstaddir voru. Sennilega herbragð til að auka á galdra og sjafnaryndi sýningarheildarinnar

Meðlimir Septem-hópsins eru allt grónir og landskunnir myndlistarmenn sem óþarft er að kynna sérstaklega, — sýninga þeirra er jafnan beðið með nokkurri eftirvæntingu þó þær staðfesti öllu fremur stöðu þeirra í íslenzkri myndlist en að þar fari fram ólgukenndar hræringar, margslungnar byltingar eða útrás ótaminnar orku tilhugalífsins.

Í heild sker sýningin sig ekki mikið úr fyrri sýningum en það er ekki aðalatriðið, heldur verkin sjálf og undirritaður viðurkennir fúslega, að hann hefur jafnan mikla ánægju að líta ný verk þessara listamanna því að hann leitar ekki fyrst og fremst eftir breytingum, heldur gæðum hverju sinni. Gjarnan hefði hópurinn þó mátt auðga upp á heildina með einum völdum gesti, helst útlendum líkt og þegar Eijler Bille sýndi með þeim um árið.

Þar fyrir eru sýningar hópsins jafnan mikill listviðburður og gott er að vita til þess, að þeir hyggja á strandhögg norðan heiða og máski víðar um byggðir landsins í framtíðinni, — sjónvarpið gæti hér skilað góðu hlutverki þótt smár sé ljórinn í kytrum viðkomandi sómamanna er að sjónlistum snýr.

Ekki hyggst ég gera upp á milli þessara listamanna í ljósi mynda þeirra á sýningunni það má finna fína hluti hjá þeim öllum, myndir sumra eru svo jafngóðar að naumast er mögulegt að benda á einhverjar er skeri sig úr, svo er með líflegar myndir **Kristjáns Davíðssonar**, mynsturkennda myndaröð **Guðmundu Andrésdóttur**, risastór málverk **Karls Kvarans** og fjölkynngi mettuð skúlptúr-verk **Sigurjóns Ólafssonar**. Hins vegar sker mynd **Valtýs Péturssonar** „Hús við hafið“ (5) sig úr öðrum verkum hans fyrir sterka einfalda heild. **Jóhannes Jóhannesson**, sem virðist vera með jafnbestu upphenginguna er mjög magnaður í myndum sínum „Glæður“ (30) og þó einkum „Dulúð“ (35) og mynd **Þorvaldar Skúlasonar** „Gul tilbrigði“ (24) er gullfalleg í styrkleika sínum og einföldum litrænum tónastiga.

Í altækri merkingu virðist „fegurð himinsins“ hafa áhrif á aðsókn á myndlistarsýningar haustsins, fólk vill vera sem mest úti við og á hreyfingu. Septemsýninguna þurfa þó sem flestir að sjá og skoða, — þess má og geta, að verði mynda er mjög stillt í hóf sé tekið mið af því hve grónir málarar þetta eru og á sér enga hliðstæðu á Norðurlöndum.

Að lokum ber að þakka fyrir sig og óska Septem-hópnum langra lífdaga.

Bragi Ásgeirsson.

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Sumar sýningar, rekast fyrir einhverja guðlega forsjón hingað á úthafsskerið norður við Dumbshaf, fara hljótt yfir, standa stutt og eru horfnar á braut áður en nokkur áttar sig. Þær hafa þó nokkrar verið þess eðlis, að menn leggja gjarnan á sig löng og lýjandi ferðalög viti þeir af þeim á erlendri grund. Þannig var t.d með sýningu á verkum hins heimsfræga grafík-listamanns H.A.P. Grieshaber í Myndlista- og handíðaskóla Íslands á miðjum sjötta áratugnum, þannig var það með sýningu á vestur-þýskri listgrafík í desember fyrir nokkrum árum, — örfáar hræður létu sjá sig á þessum sýningum og eru þetta einungis tvö dæmi af mörgum hliðstæðum er ég man ekki að nefna í augnablikinu.


Síðustu tvö árin hefur merkileg farandsýning flakkað víða um Evrópu og Suður-Ameríku, en það er sýnishorn á drögum og uppdráttum nafntogaðra austurískra húsameistara er störfuðu á árunum 1860—1930. Sýningin, sem er á vegum menningardeildar Austurríska utanríksráðuneytisins, var fyrst opnuð í Vínarborg 6. september 1978

Málið og uppspretta sakleysis

Í fyrra fékk gríska skáldið Odisseas Elitis bókmenntaverðlaun Nóbels. Eins og oft áður voru ekki allir á eitt sáttir um ákvörðun sænsku akademíunnar. Í Grikklandi töldu margir að velja hefði átt Jannis Ritsos í staðinn fyrir Odisseas Elitis. Þessi skáld eru af sömu kynslóð. Lögð var áhersla á að Elitis væri fulltrúi íhaldssemi í skoðunum, Ritsos aftur á móti framsækið byltingarsinnað skáld. Þessi ágreiningur virðist hafa fest rætur víða því, að sænskir gagnrýnendur hafa tekið mið af honum í skrifum sínum um bækur Elitis.

Elitis er eitt þeirra skálda sem lítið hefur verið þýtt eftir. Edmund Keeley og George Savidis þýddu 1974 höfuðverk Elitis, Axion esti, á ensku og Günter Dietz verkið á þýsku 1969. Axion esti kom út í sænskri þýðingu Ingemars Rhedin í fyrra (útg. Bonniers) og ljóðaflokkur eftir hann sem nefnist á sænsku Sex och ett samvetskval för himlen (útg. FIB:s Lyrikklubb) kom einnig út í fyrra í þýðingu Lasse Söderbergs og Mikaels Fioretos. Þýðingar Rhedins hafa vægast sagt fengið slæma dóma, en margir áhrifamenn sænskrar gagnrýni, eins og til að mynda Bengt Holmqvist og Karl Vennberg hafa borið lof á Lasse Söderberg. Elitis hefur sagt að eina köllun skáldsins sé málið og telur Karl Vennberg að Lasse Söderberg sé trúr þessari játningu Elitis. Þess má geta að Lasse Söderberg er meðal helstu skálda Svía og rómaður fyrir þýðingar sínar úr spænsku og frönsku, en hann hefur líka þýtt ljóð eftir íslensk skáld.

Gagnrýnandinn Jan Stolpe sem skrifar um sænskar þýðingar á ljóðum Elitis í Bonniers Litterära Magasin (nr. 2, 1980) er harðorður í garð Elitis. Hann afgreiðir hann sem skáld sem um of hallast að frumheimspeki og sé í raun fjandsamlegur lífinu. Hann verður þó að viðurkenna að Elitis nái stundum langt í myndrænum skáldskap sínum, en samanborið við Jannis Ritsos fölnar hann vegna þess að sá síðarnefndi túlkar skálda best fyrirheitið um betri heim. Ritsos er að mati Stolpes dæmi um róttæka hefð sem lifir góðu lífi meðal ungra gríska skálda.



Odisseas Elitis

Bókmenntir

eftir JÓHANN HJÁLMARSSON

Gegn þessari hefð hefur sænska akademían snúist, segir Stolpe.

Ég verð að játa að skrif af þessu tagi (Stople er ekki einn sænskra gagnrýnenda sem slíkan málflutning hafa stundað) eru um of einföldun, að ekki sé sagt einfeldnisleg. Vissulega er Ritsos gott skáld. Og satt er það að á tímum grísku herforingjastjórnarinnar dró Elitis sig að mestu í hlé, en Ritsos var fangelsaður fyrir skoðanir sínar. Aftur á móti er ekki ástæða til að láta Elitis gjalda þjónustu hans við skáldskapargyðjuna, vafamál er að gríska bókmenntir hefðu grætt á því að skáldið kynntist pyntingum og niðurlægingu fangelsisvistar. Í Axion esti hefur hann ort um þau stríð sem gríska þjóðin hefur háð gegn óvinum sínum, einkum til varnar. Sjálfur barðist hann gegn hersveitum Mussolinis í Albaníu 1940.

Lasse Söderberg segir í formála þýðinga sinna að sú veröld sem við finnum í ljóðum Elitis sé í senn óviss eins og í draumi og landfræðileg staðreynd. Hann telur það fráleitt að ásaka Elitis fyrir að vera óháð skáld. Elitis hefur að vísu enga pólitíska sannfæringu í ljóðunum. Ljóð hans lýsa sáttargjörð þar sem hið harmræna verður eðlilegur þáttur lífsins. Um skáldskapinn hefur hann komist eftirminnilega að orði: „Ljóðlistin er uppspretta sakleysis full af byltingarkenndu afli.“

Ljóð Elitis verður að sjálfsögðu að lesa með það í huga að þau eru verk skálds sem með sérkennilegum hætti sameinar gríska klassíska hefð og súrrealisma. Það nokkrum rétti er hægt að segja að fegurðardýrkun skáldsins sé ekki í samræmi við gagnrýnan hug margra nútímaskálda, endurmat þeirra á hinu liðna. Elitis er fæddur 1911. En því verður vart neitað að skáldinu tekst meistaralega að sameina óflekkaða skynjun kunnuglegra hluta og landslags og raddir undirvitundar sem fá lesandann til að horfast í augu við hið óræða:

Og sá mig aftur á reiki án
guða um þennan heim
en íþyngdan öllu sem ég rændi
dauðann
meðan ég lifði.

Aukið hráefni til Reyðarfjarðar og Borgarfjarðar eystri

UM NOKKURN tíma hafa staðið yfir athuganir á því að kaupa skuttogara til Reyðarfjarðar og hefur nú verið gengið frá þessum málum þannig að skuttogarinn Guðbjörg ÍS verður seldur til Reyðarfjarðar. Í fréttabréfi Kaupfélags Héraðsbúa er fjallað um þessi mál og þar segir m.a.:

„Á síðastliðnu vori kom skriður á þetta mál, og nú er afráðið að fest verði kaup á togaranum Guðbjörgu ÍS 46. Guðbjörg verður keypt af norskum aðilum sem hafa togara í smíðum fyrir Ísfirðinga, en í stað hennar verða bátarnir Gunnar og Snæfugl seldir úr landi, og er Snæfuglinn þegar seldur. Ákveðið er að Reyðarfjarðarhreppur og Borgarfjarðarhreppur taki þátt í þessum kaupum, og verða eignarhlutar í skipinu þannig: Gunnar og Snæfugl 60%, Kaupfélag Héraðsbúa 20%, Reyðarfjarðarhreppur 10% og Borgarfjarðarhreppur 10%. Skipið verður afhent í maí 1981.

Margar samþykktir hafa verið gerðar á fundum Kaupfélags Héraðsbúa um að auka hráefnisöflun til frystihússins á Reyðarfirði, og eru þessi skipakaup eða þátttaka í þeim liður í þeirri viðleitni. Auk þess á Kaupfélagið eins og kunnugt er helming í togaranum Hólmanesi á Eskifirði, og mun ekki verða breyting á því. Þátttaka Borgarfjarðarhrepps í kaupunum er til þess gerð að skipið geti með einhverjum hætti létt undir með hráefnisöflun til fiskvinnslu á Borgarfirði, en atvinnuástand þar, einkum á veturna, er mjög slæmt eins og kunnugt er.“

AUGLÝSINGASÍMINN ER: 22480 Morgunblaðið